

Minnisblað vegna afgreiðslu bæjarráðs 13. janúar 2022 – samþykktur viðauki.

Á 135. fundi bæjarráðs þann 13. janúar 2022 var samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun 2022 vegna eftirfarandi mála :

2112262 - Viðræður um fjárhagsstöðu UMF. Selfoss, handknattleiksdeildar - Covid19

Bæjarráð vísaði erindinu til frekari umræðu á næsta fundi bæjarráðs og fól bærarstjóra að vinna að málinu áfram í samráði við stjórn UMF Selfoss.

Bæjarráð samþykkir viðspyrnustyrk vegna Covid-19 til handknattleiksdeildar Umf. Selfoss með miðakaupum á þá leiki þar sem þátttaka áhorfenda skerðist vegna Covid-19 fram til vors 2022. Þessi miðakaup samsvari 285 miðum á hvern heimaleik frá ársbyrjun og til loka tímabils í Grill-66 deild kvenna og Olís deild karla.

Bæjarráð leggur til við bærarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun 2022 vegna þessara ráðstafana.

Umrædd beiðni ungmennafélagsins var lögð fram 14. desember 2021 vegna neikvæðra áhrifa Covid 19 á fjármál handknattleiksdeilar UMFS. Um er að ræða uppsafnaðann vanda áruna 2020 og 2021.

Við nánari skoðun á rekstri ársins 2021 kemur í ljós að svigrúm er innan málaflokks 06, æskulýðs- og íþróttamála, að færa umræddan styrk á árið 2021. Það þykir réttlætanlegt þar sem um er að ræða uppsafnaðann fjárhagsvanda handknattleiksdeildar vegna Covid áhrifa á árunum 2020 og 2021.

- Að þessu sögðu er ekki nauðsynlegt að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun 2022.

2201122 - Íslandsmótið í skák í Árborg 2022

Erindi frá Skáksambandi Íslands, dags. 10. janúar, þar sem óskað var eftir stuðningi frá sveitarfélaginu við að halda Íslandsmótið í skák í Árborg árið 2022.

Það er fagnaðarefni að Skáksamband Íslands skuli velja Íslandsmótinu stað á Selfossi og undirstrikar þann árangur sem hér hefur náðst í eflingu skákstarfs í sveitarfélaginu og þakka má öflugum starfi Skákfélags Selfoss og nágrennis. Bæjarráð samþykkir að styðja Skáksamband Íslands og Skákfélag Selfoss og nágrennis þannig að halda megi Íslandsmótið í skák í sveitarfélaginu í byrjun maí. Bæjarráð samþykkir styrk að upphæð krónur 500.000. Skáksambandið og SSON sjá um umgjörð mótsins.

Bæjarráð leggur til að Bærarstjórn samþykki viðauka vegna málsins.

Við nánari skoðun á fjárhagsáætlun 2022 með Braga Bjarnasyni, deildarstjóra frístunda- og menningardeildar, kemur í ljós að svigrúm er innan málaflokks 06 fyrir þessum styrk.

- Að þessu sögðu er ekki nauðsynlegt að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun 2022.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Garðarsdóttir

fjármálastjóri